



## Hátíðahöld vegna 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna Lifandi minnisblað

### Leiðarljós

Leitast er við að hampa þeim árangri sem þegar hefur náðst í baráttunni, en á sama tíma hvetja til úrlausna og framfara á þeim sviðum sem þarf til að jafnrétti kynjanna verði náð. Hátíðahöldin skuli endurspeglja fjölbreytileika samfélagsins og viðburðir verði eftir fremsta megni gerðir aðgengilegir öllum.

Gætt verði að aðgengi fyrir hreyfihamlað fólk á öllum viðburðum og leitast verði við að bjóða upp á túlkun þar sem það á við.

### Markmið

Að árunum hundrað sem liðin eru síðan konur yfir fertugu hlutu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis verði fagnað með jafnmörgum viðburðum. Svið borgarinnar ásamt borgarþúum sjálfum standi fyrir viðburðunum og skipulag og utanumhald verði í höndum forsætisnefndar. Viðburðir muni ýmist tengjast daglegum störfum Reykjavíkurborgar eða vera haldnir sérstaklega í tilefni afmælisársins.

### Útfærsla

Forsætisnefnd var falið á haustdögum að sjá um hátíðahöld vegna afmælisársins. Undirbúningur hófst með hugarflugsfundi í Höfða með fulltrúum kvannahreyfingarinnar og forsætisnefnd í lok nóvember. Þar varð til umfangsmikill hugmyndabanki sem fer sífellt stækkandi eftir því sem fleiri koma að undirbúningnum. Forseti borgarstjórnar hefur kynnt verkefnið fyrir fagraðunum og óskað hefur verið eftir tengiliðum á hverju sviði fyrir sig. Hlutverk þeirra tengiliða er að halda utan um hugmyndir sem kvikna á sviðunum og vera í sambandi við verkefnastjóra um útfærslu.

Fjöldamörg verkefni hafa komið til einhverskonar skoðunar, nefna má náið samstarf við Kítón, hugsanlegar ferðir um kvennasöguöldir með 6. bekk í samstarfi við jafnréttisskólann, göngur um þvottalaugarnar, samstarf við Borgarleikhúsið, fund með borgarfulltrúum kvennaframboðsins, sérstakan kvennafund í borgarstjórn, samstarf við Druslugönguna og Reykjavík Pride, blómaskreytingar í sumar, kvennapema í skapandi sumarhópum og götuleikhúsinu, sýningar og fundir í Ráðhúsi og öðrum opinberum byggingum borgarinnar, útibíó í samstarfi við RIFF, ljósmyndasýningar, sjálfsvarnarnámskeið og útilist í formi prjónagraffs í samstarfi við Reykjavík Underground Yarnstormers, viðburði í samstarfi við ÖBÍ og Ímark og ofbeldisumræðu á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna.

### Viðburðir

#### Janúar (1)

20. Borgarstjórn fjallar um 100 ára afmælið

#### Febrúar (6)

5. Ljósið læðist inn, ljóðakvöld í Ráðhúsi Reykjavíkur í tilefni Vetrarhátíðar

5. Í skotinu: Sigríður Ella Frimannsdóttir (Fyrst og fremst er ég) í Ljósmyndasafni Reykjavíkur

7. Forseti borgarstjórnar tekur þátt í spjalli í Listasafni Íslands um Ragnheiði Jónsdóttur

14.-22. Stelpur rokka standa fyrir tónlistarnámskeiði

21. febrúar: Sýningin v a t n s b e r i n n FJALL+KONA opnar í Ásmundarsafni

22. Lokatónleikar Stelpur rokka opnir öllum í Miðbergi

### Mars (5)

- 8. Hátíðardagskrá í lönó í tilefni alþjóðlegs baráttudags kvenna fyrir friði og jafnrétti, samstarf við MFÍK o.fl.
- 8. Kynlegar tölur koma út hjá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar
- 24. Non-binary dagurinn, fundur á Loft hostel
- 28. Án titils, gjörningur í Gerðubergi sem er afrakstur leiklistanámskeiðs Söguhrings kvenna
- 31. Hátíðarfundur kvenna í Borgarstjórn Reykjavíkur

### Apríl (5)

- 1. Bókmenntamerking, Ásta Sigurðardóttir
- 9. Bára Kristjánsdóttir: Vinnustofa í Hafnarfirði (ljósmyndasýning)
- 10. Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður heldur fyrirlestur á Akureyri um varðveislu skjala kvenna
- 21. Opnun Barnameningarhátíðar
- 21.-26. 100 börn – 100 ár – 1000 ára saga. Börn í 4.-5. bekk Ingunnarskóla sýna listaverk tengt afmælisárinu á Þjóðminjasafninu

### Mái (14)

- 7. Tónleikar Kvennakórs Reykjavíkur undir yfirskriftinni „Íslenskar konur“
- 7. Opið málþing á Höfuðborgarráðstefnu Norðurlandanna um konur og loftslagsmál
- 9. Aðrir tónleikar Kvennakórs Reykjavíkur undir yfirskriftinni „Íslenskar konur“
- 9. Fjölmeningardagurinn
- 9. Sýning um kosningarétt kvenna frá heimalöndum kvenna, 20-30 konur með texta um kosningarétt í sínu landi í tilefni fjölmeningardagsins
- 10. Sýning Mæðrastyrksnefndar í Ráðhúsi Reykjavíkur um tilurð nefndarinnar
- 13.-7. júní Listahátíð í Reykjavík með sérstakri áherslu á höfundarverk kvenna
- 16. Mannréttindadagurinn, mannréttindaverðlaun veitt
- 17. Árbæjarsafn, opnun sýningarinnar *Hjáverkin. Atvinnusköpun kvenna í heimahúsum 1900-1970*
- 19. Sýning á Kjarvalsstöðum á verkum Júlíönu Sveinsdóttur og Ruth Smith
- 29. Stóri leikskóladagurinn, erindi Hildar Skarphéðinsdóttur, *Pegar amma var ung*
- 30. Opnun innsetningarinnar - VERA:KVEN:VERA - eftir Guðrúnu Sigríði Haraldsdóttur í Tjarnarsal Ráðhúss
- 30. Þjóðbúningasýning og sýning á gömlum munum á vegum Korpúlfa í Borgum í Grafarvogi
- 31. Árbæjarsafn, sýningarstjórspjall. Þórunn Elísabet Sveinsdóttir fjallar um gerð sýningarinnar *Hjáverkin*

### Júní (20)

- 1. Opnun ábendingavefs fyrir afrekasýningu
- Júní-ágúst: Regluleg bókmenntaganga um kvennabókmenntir og kvennabaráttu
- 3. MagnusMaria, Ópera um rétt kyn, flutt í Þjóðleikhúsinu á Listahátíð
- 4. Ásýnd kvenna, sýning í Grófarhúsi úr safnkosti Borgarskjalasafns
- 6. Opnun sýningarinnar *Sjókonur*, sýning um áður óþekktan hlut íslenskra kvenna í íslenskum sjávarútvegi. Sjóminjasafn
- 7.-september Leiðsögn um sýninguna *Sjókonur* og fyrirlestrar
- 12. Fundur um kosningaréttinn á Fundi fólksins, stjórnálagahátíð í Vatnsmýrinni
- 19. Umræðufundur um fóstureyðingar út frá væntanlegri bók Steinunnar Rögnvaldsdóttur og Silju Báru Ómarsdóttur
- 19. Ungir femínistar með fjölbreytta viðburði í Ráðhúsi Reykjavíkur
- 19. Endurnýjun menningarmerkingar við Þvottalaugar í Laugardal
- 19. Sérstakar leiðsagnir um sýningu á Árbæjarsafni
- 19. Fögnuður á Árbæjarsafni og frítt inn fyrir konur
- 19. Gjörningur í Perlufestinni framinn af Gjörningaklúbbnum
- 19. Skáldabekkur með kvennabókmenntum við Alþingishúsið
- 19. Menningarmerking við Templarasund um kvenfrelsisbaráttuna, áhersla á Bríeti Bjarnhéðinsdóttur og Ingibjörgu H. Bjarnason
- 19. Menningarmerking við Skólavörðustíg, greint frá Þorbjörgu Sveinsdóttur í Tobbukoti
- 19. Spurningakeppni eða pub quiz á Ölstofunni í boði Reykjavíkurborgar
- 19. Brjóstin brennd. Gjörningur Elínar Önnu Þórisdóttur og Hörpu Rúnar Ólafsdóttur. Kvennakórinn Katla syngur.
- 19. Söngflokkurinn Áfram stelpur flytur nokkur lög af plötunni „Áfram stelpur“.
- 19. Verðlaun afhent í smásagnasamkeppni Soroptomista vegna 100 ára afmælisins.

### Júlí (2)

- 25. Drusluganga
- Afhjúpun Óðinstorgs, torg í biðstöðu með kvennapema

### Ágúst (3)

- 4. Minningartónleikar um Stelli Hauks, hluti af dagskrá Hinsegin daga
- 22. Hátíðin Allskonur! haldin á menningarnótt í Ráðhúsinu
- 22. Opnun listasýningar með femínísku þema í Gallerí Ekkisens. Off kvenue

### September (14)

- 1.-2. Ráðstefna um konur og fíkn í samvinnu við Rótina
- 3.-30. Afrekasýning kvenna á Íslandi
- 14.-18. Stelpur filma, námskeið í Norræna húsinu
- 18. Ráðstefna um kynjaða starfs- og fjárhagsáætlunargerð á vegum fjármálaskrifstofu
- 19. Sýningin Hér og nú, 30 árum síðar opnuð í Listasafni Reykjavíkur sem byggir á sýningu 30 ungra kvenlistamanna sem haldin var á Kjarvalsstöðum árið 1985
- 20. Leiðsögn um sýninguna Kynleikar í boði sýningarstjóra
- 21. Opnun Jafnréttistorgs, verkefni skóla- og frístundasviðs
- 24.-25. Fjárhagslegar afleiðingar ofbeldis ræddar á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga
- 25. Litaðu'ana – myndir af konum teiknaðar og litaðar í Ráðhúsinu
- 26. Kvennaþing, Verka – konur
- 27. Leiðsögn um sýninguna Kynleikar í boði sýningarstjóra
- 27. Úthlutun úr menningar- og minningarsjóði kvenna í Ráðhúsinu
- 27. Frumsýning hjá Stelpur filma í Háskólabíó
- Styttur fyrir utan bílastæðahús

### Október (10)

- 1.-31. Samkeppni um bestu örsöguna, sms-söguna, þema: 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna
- 3.-4. Sýningar á myndum nemenda í Stelpur filma á RIFF
- 4. Lokaæfing eftir Svövu Jakobsdóttur í Tjarnarbíó
- 7. Bókmenntamerking, Svava Jakobsdóttir
- 9. Fundur um mansal í Ráðhúsi Reykjavíkur
- 14. 200 days later, umræðufundur í samstarfi við Jafnréttisdaga HÍ um Free the nipple
- 22. Frumsýning á Hvað er svona merkilegt við það? í Kringlubíó
- 23. BIRTA // POST, gjörningur fluttur á ráðstefnu um borgaraleg réttindi kvenna í Hörpu
- 24. Áfram stelpur! Tónleikar í Iðnó
- 27. Pallborðsumræður í Bíó Paradís um Stúlkurnar á Kleppjárnsreykjum

### Nóvember (7)

- 6. Kórsöngur í bílastæðahúsi
- 9. Gjörningur við Hlemmtorg
- 12. Sameiginlegur fundur lögreglunnar og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um vinnu gegn heimilisofbeldi
- 16. Virkjum kosningaréttinn, opinn fundur stjórnkerfis- og lýðræðisráðs á Hallveigarstöðum
- 20. Opinn fundur Trans-Ísland um málefni transfólks í Ráðhúsi Reykjavíkur
- 20. Minningardagur transfólks haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur
- 21.-22. Femínískt sjálfsvarnarnámskeið

### Desember (13)

- 1.-24. Konujól í Ráðhúsi
- 3. Afhjúpun legverks í Sjávarklasanum eftir Karen Briem
- 3. Alþjóðadagur fatlaðs fólks með áherslu á konur
- 10. Opinn fundur mannréttindaráðs
- 12. Grýluveisla í Ráðhúsi
- 14. Málþing til heiðurs Ingibjörgu H. Bjarnason
- 17. Ekki bara gluggaskraut – ljósmyndasýning í glugga Borgarskjalasafns
- 18. Stelpur rokka í Hinu húsinu
- 23. Óperutrío kvenna á götuhorni í miðbænum á Þorláksmessu
- 23. Guðbjörg Thoroddsen leikkona les upp úr Heimspekidagatalinu á kaffihúsum bæjarins
- 27. Söguganga sviðsstjóra velferðarsviðs um Hólavallakirkjugarð
- 27. Öldin okkar – síðasti þáttur ársins sýndur í samstarfi við Reykjavíkurborg
- 29. Hátíðarsýning á Suffragette í Háskólabíó

**Kynningarmál**

Facebook-síða afmælisársins er <https://www.facebook.com/kosningaretturkvenna>, þar sem viðburðum verður deilt en einnig dregin upp mynd af stöðu kvenna á ýmsum tímum á undanfarinni öld. Facebook-síðan fyrir afrekasýninguna er <https://www.facebook.com/afrekskonur> og sögum af afrekskonum var safnað saman á [www.afrekskonur.is](http://www.afrekskonur.is). Skrifstofa borgarstjórnar lét hanna lógó sem notað er á kynningarefni fyrir viðburðina. Vef- og upplýsingadeild Reykjavíkurborgar er forsætisnefnd og verkefnastjóra innan handar með kynningarmál, við nýtumst við fréttatilkynningar og samfélagsmiðla.

**Fjárhagsáætlun vegna 100 ára afmælis**

Dagur	Viðburður	Upphæð
8. mars	Hátíðardagskrá í Iðnó	70.000
10. apríl	Upptaka á fyrirlestri um varðveislu á skjölum kvenna	50.000
21. apríl	Lag barnamenningarhátíðar	300.000
7.-9. maí	Tónleikar Kvennakórs Reykjavíkur	150.000
30. maí	Sýning borgarskjalasafns í Ráðhúsinu	200.000
Maí-júní	Kostnaður við fundahöld	20.000
12. júní	Borgarsögusafnið - Kona færð á torg	200.000
19. júní	Fundur fólksins, Norræna húsið	170.000
19. júní	Krans á leiði Bríetar Bjarnhéðinsdóttur, greiðsla til stúlkna	10.000
19. júní	Gettu betur stelpur // Drekktu betur	10.000
19. júní	Dagskrá í Ráðhúsi	150.000
25. júlí	Druslugangan	150.000
1. ágúst	Femínísk myndlistarsýning í Ekkisens gallerí	30.000
22. ágúst	Menningarnótt í Ráðhúsinu; Allskonur	500.000
September	Afrekasýning kvenna á Íslandi	6.500.000
19. september	Málþing um kynjaða fjárhagsáætlunargerð	160.000
September	Málþing um líkamsvirðingu	150.000
22. október	Frumkýning kvikmyndarinnar Hvað er svona merkilegt við það	200.000
4. október	Lokaæfing	150.000
10. október	Kynleikar í Tjarnarbíó	180.000
23. október	Birta // Post - gjörningur á ráðstefnu í Hörpu	100.000
24. október	Tónleikarnir Áfram stelpur í Iðnó	300.000
27. október	Pallborðsumræður um Stúlkurnar á Kleppjárnshreykjum	80.000
9. nóvember	Oddný Arnarsdóttir, styrkur vegna gjörnings	13.000
12. nóvember	Sýningarskrá fyrir Hér og nú – þrjátíu árum síðar	300.000
21. nóvember	Femínískt sjálfsvarnarnámskeið í íþróttahúsi Hagaskóla	100.000
Nóvember	Heimildamynd í samstarfi við Hannesarholt	300.000
Desember	Ritverk um Kynleika	100.000
23. desember	Óperusöngur kvenna í miðbænum	300.000
Desember	Kvennajól í Ráðhúsinu – ýmsir viðburðir	1.000.000
Desember	Veggskúlpúr – Karen Briem	300.000
29. desember	Móttaka í Háskólabíó	70.000
<b>Alls</b>		<b>12.313.000</b>